

Skaftárhreppur
Ólafur E. Júlíusson
Klausturvegi 15
880Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 27. febrúar 2020
UST202002-214/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Skaftárhrepps 2010 - 2022 - Hrífunes

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022 fyrir Hrífunes.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að verslunar- og þjónustusvæðið V2 stækkar úr 34 ha í 80 ha og minnkar þar af leiðandi landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Um er að ræða breytingu á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð þar sem gert er ráð fyrir stækkun svæðis V2 fyrir hótél í Hrífunesi. Auk þess kemur fram að áætlað er að uppbygging verði á Sjónarhóli, innan jarðar Hrífuness, þar sem áætlað er að byggja hótél með allt að 150 herbergjum fyrir allt að 280 gesti, starfsmannaíbúðir, aðkomuveg og bílastæði. Ekki kemur fram í lýsingu áætlað byggingarmagn eða áætlaður fjöldi bílastæða.

Birki

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er mikið af náttúrulegum birkiskógi og ef nauðsynlegt er að fella tré skal það gert í samvinnu við Skógræktina.

Umhverfisstofnun bendir á að birkið á skipulagssvæðinu fellur undir falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð kemur fram að *óheimilt er að fella tré nema þar sem nauðsynlegt er t.d. þar sem skal byggja hús, leggja göngustíga, vegi og á dvalarstæðum við hús innan byggingarreits*. Umhverfisstofnun telur skilyrði þess ekki í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um birkið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa hótél upp á 2-3 hæðir einnig er áætlað að reisa starfsmannaíbúðir í nágrenni við hótelið.

Umhverfisstofnun telur að 2-3 hæða hótél geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér m.t.t. ásýndar.


Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ
nr. 798/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur